

## Vísur í tilefni af vorferð FÁT

Farið var í ferðalag,  
Ferguson að skoða.  
Beðið var um lítinn brag,  
best er vísu að hnoða.

Vorferðin var voða fin,  
varla drukkinn maður.  
Margt að skoða, mögnuð sýn,  
mikið listadaður.

Björn Bergsson

Vísu er beðið vænti ég  
um vorferð FÁT í sumar.  
Ekki tókst mér að komast með  
Þó mér kæmi það í huga.  
Friðgeir Guðmundsson

## Tattoo í anda tréskurðar

Höfundurinn sem er mjög þekktur á þessu sviði hannaði þetta sem útskurðar-tattoo en sennilega naut hann aðstoðar photoshop – forritsins við útfærsluna.



## Brýningarnámskeið

Stjórn félagsins vill kanna áhuga félagsmanna á að halda námskeið í brýningu skurðáhalda og umhirðu. Námskeiðið er 3ja tíma og takmarkaður hópur í hvert skipti.

Tímasetning og kostnaður liggur ekki fyrir ennþá.

Kennari verður Bjarni Þór Kristjánsson

Sendið ósk um þáttöku á [silo@mmedia.is](mailto:silo@mmedia.is) eða hringið í 864 5716

## Opið hús 13. október

Opið hús verður laugardaginn 13. október 2012 kl. 10 – 12 að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði

Stefán Haukur Erlingsson trélistamaður mun fjalla um lokavinnslu á verkum sínum.

Mætum öll og tökum með okkur gesti.

Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjald síðustu tvö árin munu ekki fá Brýnið sent. Þó nokkur kostnaður fylgir því að útbúa og senda Brýnið og því verðum við að grípa til þessara ráðstafana.

# Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
3. töl. 17. árgangur 2012



## Frá formanni

Þegar þetta fréttabréf berst ykkur hefur hauststarfið þegar farið af stað með vinnustund. Þó ekki komi margir á vinnustund er stundin ánægjuleg og góð samvera félagsmanna. Framundan er opið hús, sem er alltaf annan laugar-dag í mánuði. Þessir tveir þættir eru, það sem kalla má, kjölfesta í starfi félagsins.

Næsta opna hús verður 13. október n.k. milli kl. 10 og 12. Meginþema verður lokavinnsla skurðverka og mun Stefán Haukur Erlingsson, félagi okkar og skurðmeistari úr Mosfellsbænum, sýna og fjalla um þau mál. Veit ég að Stefán Haukur hefur margt til málanna að leggja og einnig verður áhugavert að skoða og fá innsýn í skurðverk hans.

Opna húsið er hluti af fræðslu sem félagið reynir að stuðla að. Ábendingar félagsmanna um áhugaverð umfjöllunarefni á opnum húsum eru því vel þegnar.

Síðastliðinn vetur var félagið með námskeið í brýningu. Bjarni Þór Kristjánsson var kennari á þessum námskeiðum. Brýningar er námskeiðspáttur sem félagsmenn hafa kallað mest eftir og ljóst að þörfin er viðvarandi. Hér í Brýninu auglýsum við eftir áhuga félagsmanna og ef þátttaka er nægjanleg þá reynum við að bregðast við því. Gott væri einnig að fá frá félagsmönnum óskir um önnur námskeið til að stuðla að aukinni færni í tréskurði.

Nú líður að aðalfundi sem verður 10. nóvember. Aðalfundur er vettvangur til að koma á framfæri óskum og vonum félagsmanna um starfsemi félagsins. Það er því mikilvægt að mæta og taka þátt í mótun félagsins. Nokkrar lagabreytingar eru boðaðar og eru þær tíundaðar hér í Brýninu.

Stjórn félagsins ákvað síðastliðið vor, að taka ekki þátt í Handverkshátíðinni að Hrafnagili í Eyjafirði eins og undanfarin ár. Erfiðlega hefur gengið að manna básinn okkar og þeir sem hafa staðið vaktina hafa þurft að sinna full mikilli viðveru. Á þetta er bent hér og á aðalfundi verður væntanlega fjallað um Handverkshátíðina og hvort taka ætti upp þráðinn aftur. Einnig er aðalfundur vettvangur umræðu almennt um fræðslu og kynningarmál félagsins.

En nú er það opna húsið og aðalfundurinn næst á dagskrá. Sjáumst þar hress og kát.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

## Aðalfundur FÁT

10. nóvember 2012 kl. 10

Húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins

Nethyl 2e, Reykjavík

Venjuleg aðalfundarstörf, lagabreytingar.

## Stefán Haukur Erlingsson

Stefán Haukur ætlar að segja veita okkur innsýn í verkin sín á opnu húsi. Hann er með heimasíðu þar sem við sóttum myndir og textabrot (stefan.123.is).

Stefán hefur verið að skera út frá 11 ára aldri og 15 ára byrjaði hann í skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar. Hann var þar í tvö og hálf ár og afrekaði fyrstur manna að klára 7. stigið aðeins 17 ára gamall. Stefán er jafnvígur á lágmyndir sem og þrívídd. Hann hefur tekið að sér ýmiskonar verkefni eins og að skreyta skilti, bækur, rífla, húsgögn, fundarhamra, hnífa og gert ýmiskonar stytur og skúlptúra svo eitthvað sé nefnt. Stefán hannar mynstrin sín yfirleitt sjálfur, og hver hlutur er einstakur því sama munstrið er yfirleitt ekki notað oft. Stefán hefur náð mjög góðum tókum á greftri í bein og er jafnfætis þeim bestu erlendis í greininni. Stefán hefur einnig fengist við engraving í málma og margir hlutir eins og hnífar eru oft bæði skreyttir með scrimshaw og engraving.



### Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður  
Netfang: silo@mmedia.is  
Heimasíða: treskurdur.muna.is  
Ritstjórn er stjórn félagsins

## Lagabreytingar, lagðar fram á aðalfundi

### Lög um FÁT

5. gr. Aðalfundur skal halda á hverju ári fyrir lok nóvembermánaðar. Skal hann boðaður bréflaga og eða með tölvupósti með minnst 14 daga fyrirvara.....

### Tillaga stjórnar að breytingum:

5. gr. Aðalfundur skal halda á hverju ári fyrir lok janúarmánaðar. Skal hann boðaður í fréttabréfinu Brýninu, og eða með tölvupósti og SMS-boðum með minnst 14 daga fyrirvara ....

Ef tillaga stjórnar um breytingu á aðalfundartíma verður samþykkt þarf aðalfundur að ákveða hvort næsti aðalfundur þar á eftir verði janúar 2013 eða janúar 2014.

### Viðbót við 6. grein:

Annað hvert ár kys aðalfundur FÁT einn í stjórn Minningarsjóðs um íslenska tréskera.

### Lög um Minningarsjóð um íslenska tréskera:

5. gr. Sjóðstjórn skal ákveða þá upphæð sem ráðstafa ber þriðja (er núna annað) hvert ár til greiðslu....

Breyting þessi er lögð fram vegna upplýsinga úr bankakerfinu um ávöxtunarmöguleika á bundinni bók.

## Tréskurður Stefáns Eiríkssonar (1862-1924)



Benedikt Sigurðsson sendi Brýninu eftirfarandi myndir af verkum eftir Stefán Eiríksson. Hann telur að útskurðurinn á Stóra-Núpi hafi komið í kirkjuna um sama leyti og altarisstaflan sem er eftir Ásgrím Jónsson eða árið 1912 .

Það eru alls 20 svona homstykki í kirkjunni.

Hilla eftir Stefán Eiríksson

